

KJÖRSKRÁ GARÐABÆJAR

vegna kosninga til sveitarstjórnar sem fram eiga að fara 26. maí 2018

Á kjörskrá eru samtals 11.598 kjósendur. Kjósendum hefur fjölgað um 1150 síðan í síðustu kosningum til sveitarstjórnar árið 2014.

Í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ er fjöldi kjósenda 9.539 og í Álftanesskóla 2.059

Breyting er gerð á röðun gatna í kjördeildir við síðustu kosningar til Alþingis og munu kjósendur í Þryðahverfi, Hleinum og stakstæðum húsum við Álftanesveg og á Garðaholti kjósa í Álftanesskóla.

Bæjarráð staðfestir með vísan til 7 gr. laga um kosningar til sveitarstjórnar 5/1998, kjörskrá Garðabæjar til að gilda við kosningar til sveitarstjórnar sem fram eiga að fara 26. maí 2018.

Kjörskráin skal auglýst og liggja frammi almenningi til sýnis í þjónustuveri Garðabæjar í Ráðhúsinu við Garðatorg frá og með 16. maí 2018 til kjördags.